Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Velferðarráð Kópavogs
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 18. apríl 2024
24033049

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Samfylkingar varðandi áhrif breytinga á skipulagi leikskóla Kópavogs á skjólstæðinga velferðarsviðs.

Á fundi velferðarráðs dags. 25.3.2024 var eftirfarandi fyrirspurn tekin fyrir og henni vísað til afgreiðslu sviðsstjóra velferðarsviðs. Svörum frá velferðarsviði hefur verið bætt við undir hverri spurningu.

Erlendur Geirdal, áheyrnarfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram fyrirspurn varðandi áhrif breytinga á skipulagi leikskóla Kópavogs frá 1. september 2023, á skjólstæðinga velferðarsviðs:

1. Hefur umsóknum um fjárhagsaðstoð fjölgað?
Nei - ráðgjafar í virkni og ráðgjafateymi (félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð) hafa ekki merkt aukningu í fjölda umsókna um fjárhagsaðstoð sem rekja má til umræddra breytinga á skipulagi leikskólamála.

2. Merkja ráðgjafar að sérstaklega sé óskað eftir fjárhagsaðstoð vegna hækkunar leikskólagjalda?
Nei.

3. Hefur umsóknum um stuðning við börn og fjölskyldur fjölgað?
Umsóknum um stuðning við börn og fjölskyldur á grundvelli reglna um stuðning við börn og fjölskyldur (uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, stuðningsfjölskyldur o.fl.) fer fjölgandi með innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna og markvissari inngripum í aðstæður barna og fjölskyldna. Þessar umsóknir tengjast ekki breytingum á fyrirkomulagi leikskólamála eða álagi þeim tengdum.

4. Merkja ráðgjafar aukið álag hjá skjólstæðingum sem rekja má til breytinganna, þ.e. styttri vistunartíma eða hærri gjalda?
Ráðgjafar í virkni- og ráðgjafarteymi merkja ekki aukið álag hjá skjólstæðingum vegna breytinganna en þær hafa rekist á að í sumum tilvikum þarf að upplýsa foreldra og hvetja þá til að sækja um tekjutengda afslætti. Við vinnslu mála í barnavernd og barna- og fjölskylduteymi kemur stundum upp umræða um óánægju foreldra með breytingar í leikskólamálum en það hefur ekki verið að birtast sem afgerandi álagsþáttur hjá þessum fjölskyldum. Við vinnslu mála í barnavernd er stuðningur við fjölskyldur stundum fólgin í að greiða leikskólagjöld tímabundið fyrir foreldra en þeim málum hefur ekki fjölgað síðastliðin misseri.

Virðingarfyllst
f.h. velferðarsviðs,
Þóra Kemp
Skrifstofustjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026